



14. fundur stjórnar Félags háskólakennara 2024/2025
haldinn miðvikudaginn 7. maí 2025
haldinn í Öskju í stofu VAÐ kl. 11:45

Fundinn sátu:

Baldvin Zarióh formaður, Jens Guðmundur Hjörleifsson varaformaður, Íris Davíðsdóttir, Íris Hrönn Guðjónsdóttir, Ármann Höskuldsson, Katrín Pálmadóttir Þorgerðardóttir og Ragna Kemp Haraldsdóttir.

Kolbeinn Hólmar Stefánsson, boðaði forföll.

Helga Birna Ingimundardóttir framkvæmdastjóri Fh skrifaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundargerð stjórnarfundar Félags háskólakennara, dags. 2. apríl 2025
2. Aðalfundur Félags háskólakennara, ársreikningur og fyrirkomulag.
3. Samráðsnefndarfundir 14. og 29. apríl 2025.
4. Akademískt frelsi.
5. Launatölur október 2024.
6. Matkerfisnefnd.
7. Fréttir af BHM,
 - aðalfundur BHM 15. maí 2025.
 - námskeið um virðismat starfa.

1. Fundargerð, apríl 2025

Fundargerðin var samþykkt.

2. Aðalfundur Félags háskólakennara, 12. maí 2025

Farið yfir fyrirbyggjandi ársreikning. Skoðunarmenn hafa yfirfarið hann og áritað. Ákveðið að framkvæmdastjóri sendi stjórnarfólki ársreikninginn til undirritunar, rafrænt.

Baldvin mun fara yfir skýrslu stjórnar, Íris D. yfir skýrslu Starfsþróunarsjóðs Félags háskólakennara og Íris Hrönn yfir ársreikninginn. Fundarstjóri verður Benjamín Ragnar Sveinbjörnsson.

3. Samráðsnefndarfundir í apríl

Baldvin sagði frá fundunum. Þar kom m.a. fram að til stendur að halda sérstakan vinnufund vegna upptöku HERU 14. maí næstkomandi. Þá er verklag vegna skaðvalda langt komið. Tölvupóstur frá mannauðssviði í apríl 2025 vegna breytingu á fæðisfé, telst ekki vera formleg uppsögn.

Málið rætt. Stjórnarfolk sammála um nauðsyn þess að formaður sendi áfram upplýsingapóst um stöðu mála til félagsfólks.

4. Akademískt frelsi

Ármann sagði frá stöðu mála. Norrænn hópur skilaði skýrslu um stöðu akademískt frelssis á Norðurlöndum í október 2024. Grein úr skýrslunni var m.a. birtur á Vísi. Ármann Höskuldsson var

fulltrúi félagsins í hópnum. Nú hafa fulltrúar hvers lands sent frá sér stuðningsyfirlýsingu vegna stöðu mála í USA. Til stendur að birta sambærilega stuðningsyfirlýsingu hér á landi.

5. Launatölur október 2024

Fyrir fundinn lágu launatölur félagsins í október 2024, skipt eftir starfsheitum og stofnunum. Framkvæmdastjóri fór yfir skjalið. Málið rætt.

6. Matkerfisnefnd

Jens, sagði að áætlað er næstu fundir í nefndinni verði haldnir í haust.

7. Fréttir af BHM

Baldvin sagði frá aðalfundi 15. maí nk. Hann fór lauslega yfir þær lagabreytingartillögur sá liggja fyrir fyndinn og breytingu á árgjaldi.

Ármann sagði frá störfum framboðsnefndar BHM.

Baldvin, Ragna og Helga Birna munu fara á námskeið um virðismat starfa sem haldið er að frumkvæði Jafnlaunastofu.

Önnur mál.

- Katrín sagði frá ófromlegum hópi innan HUG sem er að skoða réttindi starfsfólks er starfar við ræstingu hjá HÍ.
- Íris D. lagði til að stjórn óski eftir fundi með nýjum rektor HÍ hið fyrsta.
-

Fundi lauk kl. 13:15. Næsti fundur óákveðinn.